

56. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi, Lyngási 12 Egilsstöðum, 15.10.2019, kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn: Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson, Þór Steinarsson og Lárus Heiðarsson. Aðalheiður Borgþórsdóttir boðaði forföll.

Einnig sat fundinn Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri, Sigurður Ragnarsson, ráðgjafi, og Ingvar Birkir Einarsson, varaslökkviliðsstjóri.

Björn stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2018.

Ársreikningur árið 2018 lagður fram til afgreiðslu. Fram kom m.a. að rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um kr. 2.089.854,-, Handbært fé í árslok var jákvætt um kr. 5.991.538,- og Eigið fé var jákvætt um kr. 3.305.949,-.

Stjórn samþykkir ársreikning Brunavarna á Austurlandi fyrir árið 2018 og staðfestir hann með undirritun sinni.

2. Brunavarnaráætlun.

Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Fram hafa komið athugasemdir við fyrirliggjandi drög frá Mannvirkjastofnun og vinnur slökkviliðsstjóri að því að uppfæra drögin með hliðsjón af þeim. Það sem út af stendur er að mestu leyti einn kafli sem snýr að vatnsöflun, vatnsbólum, vatnsveitu og tengingu við búnað og mannafla á hverjum stað.

Stjórn leggur áherslu á að þessari vinnu verði flýtt eins og kostur er og að áætlunin verði lögð fyrir næsta fund stjórnar til afgreiðslu.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Um er að ræða áætlun þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi sjúkraflutningum á Vopnafirði og hins vegar án. Einnig er stillt upp áætlun er gerir ráð fyrir starfsmanni er sinni eldvarnareftirliti og án slíks stöðugildis. Slökkviliðsstjóra falið að vinna endanlega tillögu í samræmi við umræðu á fundinum og leggja fyrir næsta fund stjórnar til afgreiðslu.

4. Samningur um sjúkraflutninga á Vopnafirði.

Fyrirliggjandi samningur um sjúkraflutninga á Vopnafirði á milli Brunavarna á Austurlandi og Heilbrigðisstofnunar Austurlands rennur út í árslok 2019. Samþykkt að fela formanni og slökkviliðsstjóra að hefja viðræður við forsvarsmenn HSA um gerð nýs samnings.

5. Önnur mál

Rætt um að koma næst saman til fundar á Djúpavogi í nóvember og afgreiða þá endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og Brunavarnaráætlun.

Fundi slitið kl. 15:50.